

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fjölda barna sem foreldrar velja að setja ekki á leikskóla**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 26. júní 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

*Hver er fjöldi þeirra barna sem eru ekki á leikskóla í Reykjavík, sökum vals foreldra þeirra? Átt er við fjölda þeirra sem eru ekki á leikskóla því að fjölskyldan hefur valið að skrá þau ekki inn í leikskóla.*

#### **Svar:**

Foreldrum er frjálst að sækja um vistun fyrir barn sitt í leikskólum borgarinnar en það er ekki skylda þar sem ekki er skólaskylda á leikskólastiginu. Ekki liggja fyrir upplýsingar um ástæður þess að ekki er sótt um leikskólavistun fyrir börn. Dæmi um mögulegar ástæður eru að sumir foreldrar vilja hafa börnin lengur heima eða að foreldrar vita að þeir eru að fara að flytja og sækja því ekki um í Reykjavík. Þá er töluvert um að börn sem eru skráð með lögheimili í Reykjavík hafi flust af landi brott án þess að lögheimilinu hafi verið breytt.

Í júní 2023 voru 565 börn 1 árs eða eldri með lögheimili í Reykjavík sem ekki voru í vistun í borgarreknum leikskóla, sjálfstætt starfandi leikskóla né hjá dagforeldri. Börnin voru heldur ekki með umsókn um borgarrekinn leikskóla, né á leið þangað inn í haust. Biðlistar á sjálfstætt starfandi leikskóla eru ekki fyrirbyggjandi hjá skóla- og frístundasviði.